

Framboð til setu í tilnefninganefnd á aðalfundi Skaga hf.

17. mars 2026

Í framboði til tilnefningarnefndar Skaga hf. á aðalfundi félagsins þann 17. mars 2026 eru eftirfarandi einstaklingar:

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Fæðingarár: 1964

Menntun: MA í vinnumarkaðsfræði. Warwick Business School. University of Warwick (1995). BA í stjórnmálafræði. Háskóli Íslands (1993).

Aðalstarf: Prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Starfsreynsla: Lektor og síðar dósent við viðskiptafræðideild HÍ, stjórnendapjálfi og ráðgjafi hjá Gallup Ísland, sérfræðingur í kjaramáladeild og fræðslustjóri hjá VR, ráðningarstjóri og ráðgjafi í starfsmannamálum hjá Hagvangi hf.

Önnur stjórnarseta: Á ekki við.

Hlutfjáreign í Skaga og óhæði: Gylfi á enga hluti í Skaga og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Skaga.

Magnús Bjarnason

Fæðingarár: 1963

Menntun: MBA, B.Sc. viðskiptafræði.

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri MAR Advisors.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri Glacier Partners, framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingabanka fyrir Ameríku og Asíu hjá Glitni banka (2005-2010), starfsmaður í ýmsum embættum hjá Utanríkisþjónustunni (1997-2005).

Önnur stjórnarseta: Úrlausn fasteignir ehf., Alþjóðaskólinn á Íslandi ehf., ETF CI Fjardarorka Holdco ehf. Clippers ehf., Maranda ehf.

Hlutfjáreign í Skaga og óhæði: Magnús á enga hluti í Skaga og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Skaga.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Fæðingarár: 1969

Menntun: MBA, University of San Diego, Kalifornía (1996). BS í auglýsingafræði með auka áherslu á markaðsfræði (1994).

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri og meðeigandi Vinnvinn ehf.

Starfsreynsla: Associate Partner hjá alþjóðlega ráðgjafafyrirtækinu Valcon (2019-2020), VP Global Strategic Planning & HR hjá Alvogen (2015-2019), framkvæmdastjóri þróunar og mannauðs hjá Landsbankanum (2010-2015), forstöðumaður sölu, einstaklingssvið hjá Símanum (2007-2010), markaðsstjóri hjá Globus (2004-2007), framkvæmdastjóri mannauðssviðs (2002-2004), framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar (2001-2004) IMG (Capacent), starfsmannastjóri hjá Norðurljósum (1999-2001), ráðningastjóri hjá ráðningaþjónustu Gallup (nú Capacent) (1997-1999) og ráðgjafi í starfsmannaþjónustu Gallup (nú Capacent) (janúar-október 1997).

Önnur stjórnarseta: Hagar hf. (stjórnarmaður), Íslandssjóðir (stjórnarmaður), formaður tilnefningarnefndar Símans hf.

Hlutfjáreign í Skaga og óhæði: Jensína á enga hluti í Skaga og telst óháð félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Skaga.

Samkvæmt samþykktum félagsins skipa þrír aðilar tilnefningarnefnd þess og er því ljóst að sjálfkjörið er í tilnefningarnefnd félagsins.